



SKÝRSLA SÍLDARÆVINTÝRIS 2015



Undirbúningsnefnd Síldarævintýris 2015

Anita Elefsen
Guðmundur Skarphéðinsson
Hilmar Þór Elefsen
Sandra Finnsdóttir

Undirbúningur og framkvæmd

Undirbúningur Síldarævintýris fór af stað á vetrarmánuðum, nánar tiltekið í febrúar 2015. Aðalfundur félagsins var haldinn í Batahúsinu þann 25. febrúar 2015, og mættu þeir auk skipulagsnefndar. Enginn kom fyrir hönd sveitarfélagsins og aðeins einn fyrir hönd veitingaaðila í bænum svo áhugi þeirra sem hagnast mest á hátíðinni verður að teljast mjög dræmur. Undirbúningsnefnd fyrra árs bauð sig fram til áframhaldandi starfa, að Ægi Bergssyni undanskildum en hann óskaði eftir að segja sig frá störfum. Hann sat þó áfram í stjórn félagsins. Stjórn félagsins hélst óbreytt frá fyrra ári, en í henni sitja: Anita Elefsen, Guðmundur Skarphéðinsson, Sandra Finnsdóttir, Hilmar Elefsen og Ægir Bergsson. Varamenn: Gunnar Smári Helgason og Örlygur Kristfinnsson.

Almennur undirbúningur fyrir hátíðina fór fram í kjölfar aðalfundar. Ákveðið var að hafa sama háttinn á; að deila verkefnum milli stjórnarmanna, en þar sem Ægir hafði stigið til hliðar var ákveðið að reyna að finna mann í hans stað. Til að lýsa því í fáum orðum þá gekk það illa; enginn var tilbúinn að leggja á sig ólaunaða vinnu í hálf ár og leggja undir alla verslunarmannahelgina í vinnu á sviðinu. Málalyktir urðu þær að undirbúningurinn var í höndum okkar fjögurra; Guðmundar, Söndru, Anitu og Hilmars og ráða þurfti launaðan sviðsmann yfir helgina til þess að leysa mannekluvandann. Sem fyrr var Guðmundur Skarphéðinsson var ráðinn framkvæmdarstjóri hátíðarinnar. Farið var að funda vikulega í byrjun mars, eða strax í kjölfar aðalfundarins. Ákveðið var að hafa sama hátt á og í fyrra – nota heimamenn eins og kostur væri, en fá einnig til okkar landsþekktu tónlistarmenn. Líkt og fyrr gekk vel að fá tónlistarmenn úr Fjallabyggð til að ganga til liðs við okkur og spila á Ráðhústorgi. Þá var ákveðið að hafa Sólmund Hólm sem kynni alla helgina, til þess að innramma dagskrána á Ráðhústorgi og fylla upp í eyður milli atriða. Hann hefur sinnt hlutverki kynnis nú fjögur ár í röð, og gerir það vel að mati nefndarinnar. Barnadagskráin hefur ætíð skipt miklu máli og ákváðum við að leggja mikla áherslu á að fá vegleg atriði fyrir börnin. Á vegum Sveitarfélagsins kom hingað Leikhópurinn Lotta og sýndi *Litlu gulu hænuna*. Íprótttaálfurinn og Siggi sæti voru á Ráðhústorgi ásamt Sveppa og Villa. Auk þess var samið við krakkahljómsveitina *Thunder* frá Akureyri um að spila á stóra sviðinu en hana skipa krakkar á aldrinum 11 – 13 ára. Fjölskyldan frá Sauðanesi stóð vaktina með hestaleigu fyrir börnin. Einnig voru á staðnum leiktæki fyrir börnin á Blöndalslóðinni – en áfram var unnið með Hopp og Skopp leiktækjum, en það samstarf hefur gengið mjög vel undanfarin tvö ár. Samstarf við veitingaaðila, söfn og setur, gististaði, skemmtistaði og aðra þjónustuaðila í bæjarfélaginu gekk vel að flestu leyti, en líkt og undanfarin ár telur nefndin að styrkir

Þessarar aðila til hátíðarinnar mættu vera rausnarlegri. Enn eru styrkir fyrirtækjanna lægri en árið 2013 auk þess sem nokkrir styrktaraðilar duttu hreinlega út af listanum. Þá bar nokkuð á því að hagsmunaaðilar og skemmtikraftar létu í ljós gagnrýni og óánægju með útfærslu á auglýsingum – áhersluatriði á plakati og annað slíkt – en enginn gaf sér tíma til þess að hrósa eða benda á það sem vel fór. Undirbúningsnefndin vill enn og aftur undirstika það sjónarmið sitt að vegna mikillar aukningar í ferðaþjónustu á staðnum undanfarin ár hljóti Síldarævintýrið að vera þeim aðilum sem hér selja bæði veitingar og þjónustu gríðarlega mikilvægt fjárhagslega, og yrðu einmitt þessir sömu aðilar fyrir mestum fjárhagslegum skaða og sætu eftir með sárt ennið myndi hátíðin leggjast af. En ljóst er að erfitt er að standa fyrir framkvæmd hátíðarinnar í þeirri mynd sem hún er í dag með eins litlum fjármunum og raun ber vitni.

Stjórn félagsins skipti með sér verkum á sama hátt og undanfarin ár og urðu litlar breytingar á hlutverkaskiptum. Guðmundur Skarphéðinsson hafði eins og áður sagði yfirmsjón með framkvæmd hátíðarinnar. Guðmundur sá um að afla styrkja til Síldarævintýrisins, hann stjórnaði fundum, gætti þess að salernis- og tjaldsvæðismál væru í góðum farvegi og samdi við skemmtikrafta og aðra sem komu að dagskrá hátíðarinnar svo dæmi séu tekin. Anita Elefsen hafði umsjón með fjármálum félagsins, sá um gerð kostnaðar- og tekjuáætlunar og um greiðslu reikninga og innheimtu styrkja. Einnig sá hún um samskipti við hönnuð og uppsetningu auglýsinga og dagskrár. Sömuleiðis var hún að miklu leyti tengiliður við fjölmiðla, ásamt Guðmundi. Sandra Finnsdóttir sá um alla barnadagskrá á Síldarævintýrinu, uppsetningu dagskrár að langmestu leyti og aðstoðaði við auglýsingagerð, samskipti við hönnuð, bókhald og innheimtu styrkja. Þá var hún helsti tengiliður við skemmtikrafta sem fram komu. Hilmar Elefsen hafði yfir umsjón með sviði á Ráðhústorgi og sá til þess að þar væru mál í tryggum farvegi, en þar sem þeir Ægir Bergsson höfðu sinnt þessum þætti í sameiningu undanfarin ár og enginn fékkst til að ganga í hlutverk Ægis voru ráðnir hljóðmenn til aðstoðar og skiptu þeir sér niður á vaktir yfir helgina.

Síldarævintýri og Síldardagar

Dagskrá Síldarævintýris og Síldardaga stóð frá 23. júlí – 2. ágúst 2015. Dagskrá Síldardaga samanstóð af fáum viðburðum dag hvern, fyrst og fremst lifandi viðburðum á Ljóðasetrinu en þar að auki var að finna tónleika, leiksýningu ofl. Mest áhersla var lögð á helgina sjálfa; föstudag, laugardag og sunnudag, en hún var þéttskipuð tónlistarviðburðum og öðrum menningarviðburðum. Dagskrá var mest á Ráðhústorgi, en einnig var þónokkur dagskrá á

Síldarminjasafninu, Ljóðasetrinu, Rauðkutorgi og á skemmtistöðum bæjarins. Plaköt voru hengd upp víða um land, ítarlegri dagskrá var dreift á Norðurlandi auk þess sem skjáauglýsingar, heilsíður í dagblöðum og útvarpsauglýsingar voru keyptar. En félagið sjálft varð að bera allan kostnað af auglýsingum vegna breyttra áherslna í samningi við sveitarfélagið og varð það til þess að hátíðin var auglýst mun minna en fyrri ár.

Á heildina litið tókust hátíðarhöldin sjálf vel, en ljóst er að veðurspá vegur þyngra en gæði dagskrár þegar landsmenn velja sér áfangastað þessa vinsælu helgi. Talið var að um 3.000 gestir hafi verið á Siglufirði umrædda helgi og skal það teljast ágætt. Skemmtanahöld gengu að öllu leyti áfallalaust fyrir sig. Lögregla þurfti engin afskipti að hafa af dansleikjum eða öðrum skemmtanahöldum. Gestir virtust ánægðir með dagskrá og framkvæmd hátíðarinnar. Eins og fyrr sagði er Síldarævintýrið fjölskylduhátíð og var dagskráin uppsett til samræmis við það. Töluverður fjöldi gesta nýtti sér tjaldsvæði staðarins og gekk það vandkvæðalaust fyrir sig, bæði hvað varðar rafmagn og salernismál. Undirbúningsnefndin lagði mikla áherslu á að mál tjaldsvæða yrðu í góðum farvegi.

Björgunarsveitin Strákar sá um gæslu yfir helgina og stóð sveitin sig með prýði eins og undanfarin ár. Björgunarsveitin sá einnig um glæsilega flugeldasýningu á sunnudagskvöldi, en henni var skotið upp til merkis um lok Síldarævintýris árið 2015. Eftir var til *bryggjusöngs* á lóð Síldarminjasafnsins, varðelds og flugeldasýningar.

Fjármál félagsins standa á núlli, en framkvæmdastjóri hátíðarinnar greiddi síðasta reikninginn úr eigin vasa þar sem styrkveitingar ársins dugðu ekki fyrir framkvæmd hátíðarinnar. Öflun styrkja var með svipuðu móti og undanfarin ár, en viljum við enn og aftur benda á að framlög þjónustuaðila á staðnum ekki í samræmi við þær tekjur sem þessir sömu aðilar hafa yfir helgina. Til merkis um lágar styrkuppþæðir fyrirtækja á staðnum má nefna að samanlagðir styrkir allra styrktaraðila ná ekki sömu upphæð og sveitarfélagið leggur hátíðinni til. Ekki náðust samningar við gosdrykkjaframleiðendur um fjárstyrki í ár. Barmmerki voru seld og juku tekjur félagsins þónokkuð. Undirbúningsnefndin sjálf sá um sölu merkjanna – vel gekk að selja hér innanbæjar, en hátíðargestir á tjaldsvæðum og í miðbæ voru öllu erfiðari og gekk því lítið að selja yfir sjálfa hátíðina. Innheimta styrkja gekk ágætlega og hægt var að gera upp hátíðina rúmum mánuði eftir að henni lauk.

Eins og fram hefur komið stóð hátíðin ekki undir sér fjárhagslega og komu þeir fjármunir sem upp á vantaði úr eigin vasa framkvæmdastjóra. Er því með öllu ljóst að þeir

fjórir aðilar sem sáu um undirbúning og framkvæmd ævintýrisins gera það í sjálfböðastarfi og hljóta enga þóknun fyrir. Undirbúningur hátíðarinnar krefst stöðugar vinnu í rúmlæga hálfri ári – við fundarhöld, skipulag, öflun fjárstyrkja, samsetningu dagskrár og samninga við skemmtikrafta – svo tekur við enn meiri vinna rétt fyrir hátíðina, en þá þarf að setja upp hljóðkerfi og útbúa sviðið, sjá til þess að tjaldsvæðismál séu í réttum farvegi og allir skemmtikraftar með á hreinu hvenær þeir koma fram, og oftast en ekki þarf að tryggja þeim sem koma að bílaleigubíla eða flugmiða, og svona mætti lengi telja. Allir meðlimir undirbúningsnefndarinnar eru sammála um að undirbúningur og skipulag slíkrar hátíðar hafi í för með sér gríðarlegt vinnuálag, sérstaklega yfir sumarmánuðina, júní og júlí, auk þess sem vinnan er oft og tíðum mjög tímafrek. Þá telur undirbúningsnefndin að hátíðin hafi gengið afar vel undanfarin ár og dagskrá og framkvæmd hafi verið til fyrirmyndar.

Meðfylgjandi er ársreikningur félagsins. Athugið að enn á eftir að færa inn mögulega aukningu á þjónustugjöldum, innvexti og fjármagnstekjuskatt. Reikningurinn verður endurskoðaður um áramót.

Undirbúningsnefnd Síldarævintýris 2015 þakkar Fjallabyggð fyrir gott samstarf – en vill á sama tíma segja sig frá störfum eftir sex ára starf sem má flokka að langmestu leyti sem sjálfböðastarf í þágu hátíðarinnar.

Siglufirði, 30. september 2015



Guðmundur Skarphéðisson



Anita Elefsen



Sandra Finnsdóttir



Hilmar Þór Elefsen


ÁRSREIKNINGUR

Félag um Síldarævintýri

kt. 470610-0500 / 1102-26-004706

2015

1.1.2014 Staða reiknings	18.375,00
21.7.2015 Dreifing dagskrár	-14.000,00
21.7.2015 Barmmerki - framleiðslukostnaður	-42.800,00
1.9.2015 Hljóðkerfi	-650.000,00
1.9.2015 Dagskrárliðir samtals	-2.350.417,00
1.9.2015 Auglýsingar samtals	-605.870,00
1.9.2015 Annar kostnaður við svið	-4.403,00
1.9.2015 Gæsla og flugeldasýning	-818.300,00
1.9.2015 Tekjur samtals (sala barmmerkja)	309.000,00
1.9.2015 Styrkir samtals	4.082.590,00
1.9.2015 Þjónustugjöld samtals	-24.365,00
1.9.2015 Félagsgjöld samtals	92.000,00
23.9.2015 Innborgun frá framkvæmdastjóra	8.500,00
1.10.2015 Launakostnaður samtals	0,00
31.12.2015 Innvextir	
31.12.2015 Fjármagnstekjuskattur	
	<hr/> <hr/> 310,00



Ómar Hauksson



Steinar Baldursson